

FUNDARGERÐ

Samstarfsnefndar FÍN og Umhverfis- og orkustofnunar.

Staðsetning: Húsnæði UOS

Dags: 08/12/2025

Fundarritari: Orri Þrastarson



FUNDARMENN

Fulltrúar FÍN:

Þorkell Heiðarsson, formaður
Orri Þrastarson, framkvæmdastjóri

Fulltrúar Umhverfis-og orkustofnunar

Þóra Margrét Pálsdóttir Briem, Mannauðsstjóri

I. DAGSKRÁ

Matskerfi vegna þátta í stofnanasamningi FÍN og UOS.

II. FUNDARGERÐ

Umhverfis- og orkustofnun mun á árinu 2026 vinna að matskerfi fyrir starfsbundna og tímabundna persónubundna þætti. Um það var upplýst í aðdraganda gerðar stofnanasamnings og þá lágu fyrir drög að slíku matskerfi.

Matskerfinu er ætlað að vera stjórnendum til hliðsjónar við mat á verkefnum og frammistöðu sem greiða skal sérstaka tímabundna umbun fyrir. Kerfið á að stuðla að jafnræði, samræmi og gagnsæi í ákvörðunum um slíkar greiðslur.

Matskerfið verður unnið af stjórnendum og mannauðsteymi í samvinnu við trúnaðarmenn stéttarfélaganna. Stefnt er að því að matskerfið verði tilbúið til notkunar eigi síðar en 1. september 2026 og verður áfram í þróun samfara þróun starfseminnar